

## Samfélagsfræði skólaárið 2019 - 2020

### 3.-4. bekkur

#### Kennari: Hrafnhildur Valgarðsdóttir

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í samfélagsfræði sett fram í þremur flokkum: reynsluheimur, hugarheimur og félagsheimur. Samfélagsfræði fjallar um samfélög og menningu á lýsandi og gagnrýninn hátt og á samfélagsfræðin sér grundvöll í þeirri skyldu samfélagsins að fræða nemendur um gildi eins og lýðræði, jafnrétti, virðingu og umhyggju og þýðingu þessara gilda fyrir farsælt líf. Á bls. 194 – 205, í 24. kafla aðalnámskrár grunnskóla sem fjallar um samfélagsfræði má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Sjá:

[http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli\\_greinanamskrar\\_netutgafa\\_2013.pdf](http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf)

#### Kennsluhættir

Nemendur fá þrjá samfélagsfræðitíma á viku. Samfélagsfræðin verður samþætt öðrum námsgreinum s.s. íslensku, náttúrufræði, stærðfræði og listgreinum. Einn tími verður nýttur í ART- kennslu þar sem nemendur æfa sig í ýmsum færniþáttum mannlegra samskipta.

Nemendur vinna með mismunandi verkefni sem draga fram sterka þætti hvers og eins og kynnast ólíkum vinnubrögðum sem tengjast samfélaginu sem gerir þá að sterkari einstaklingum.

Nemendur vinna í pörum eða litlum hópum að ýmsum verkefnum. Þá læra nemendur að leita sér sjálfstætt að upplýsingum, til að mynda á netinu og á bókasafninu. Nemendur þjálfast í að koma fram og kynna verkefni sín.

#### Námsgögn

Komdu og skoðaðu landnámið

Komdu og skoðaðu land og þjóð

Ýmis verkefni frá kennara

Tölvur og I-pad.

#### Námsmat

Lykilhæfni nemenda metin jafnt og þétt í allri vinnu sem fram fer í kennslustofunni ásamt þeim verkefnum sem nemandinn á að sinna sjálfur heima. Á annarskilum er þekking og leikni nemenda metin með prófum eða með mati á þeim verkefnum sem þeir hafa unnið.